

5. Í Borgarfirði

<p>Markmið</p> <p>Að nemandinn þjálfist í að nota og skilja orð og hugtök sem tengjast</p> <ul style="list-style-type: none">• mat og matargerð.• heimilisstörfum.• liðnum tíma (fyrir löngu) og landnámi. <p>Að nemandinn öðlist leikni í að beita</p> <ul style="list-style-type: none">• orðasamböndunum <i>ég ætla, ég skal, mér finnst, mér þykir</i>.• andstæðum hugtökum eins og <i>skemmtilegt/leiðinlegt, gott/vont</i>.• spurnarorðinu <i>hver</i>.	<p>Áhersluþættir</p> <ul style="list-style-type: none">• Matur.• Matargerð.• Heimilisstörf.• Landnám.• Samtöl.
<p>Verkefni í pdf-formi</p> <ul style="list-style-type: none">• Glósubókin.• Mynd og orð.• Orð úr köflunum að framan.• Stafagáta.• Rímorð.• Önnur verkefni.	<p>Gagnvirkt efni og pdf-efni á vef Námsgagnastofnunar</p> <p>Bókarlaus verkefni</p> <p>Sjá t.d. leik nr. 12 Frúin í Hamborg sem hentar m.a. til að æfa og festa heiti matartegunda eða hluta sem tengjast matseld.</p> <p>http://www.nams.is/kaera_dagbok/index.htm</p> <p>Íslandsvefurinn – Vesturland</p> <p>http://www.islandsvefurinn.is</p> <p>Komdu og skoðaðu eldhúsið</p> <p>Sjá á vettvangi.</p> <p>http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/index.htm</p> <p>Æfum íslensku</p> <p>Sjá Þemavika: Sýning.</p> <p>http://www.nams.is/aefum_isl/index.htm</p>
<p>Aðferð – efni – gögn</p> <p>Landkönnuðir (Sjá <i>Sögusteinn</i>, bls. 36)</p> <p>Söguaðferðin sjá t.d.</p> <p>http://www.namsgagnastofnun.is/komdu/landnamid/landnam_frames.htm</p> <p>og</p> <p>Landnámsaðferðin</p> <p>http://www.lifsleikni.is/</p> <p>Mataruppskriftir</p> <p>Nemendur eru beðnir að koma með mataruppskriftir frá heimalandi sínu. Þær eru flokkaðar, myndskreyttar og settar á stórt kartonspjald.</p>	<p>Annað námsefni</p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Íslenska nýja málið mitt</i>: Verkefni á bls. 86–90 (1) og á bls. 1–17 (2).• <i>Sagnorðaspilið</i>: Sagnorð í 1. og 3. flokki.• <i>Lífið fyrr og nú</i>, bls. 10 og bls. 28–29.• <i>Egill</i> (bók og myndband).

5. Í Borgarfirði

GLÓSUBÓKIN

Íslenska

Annað tungumál

kann: kunna

hjálpa

5. Í Borgarfirði



Skrifaðu rétt númer við orðin.

flaska _____ grill _____ pottur _____ diskur _____ kanna _____



Skrifaðu rétt orð við númerin.

[6] _____ [7] _____ [8] _____

[9] _____ [10] _____



Skrifaðu rétta setningu við myndirnar.

Mamma ætlar að búa til mat.



Allir vaska upp.



Pabbi lagar til.



Krakkarnir smyrja brauð og skera grænmeti.



Dragðu strik milli orðanna. Hvað eru orðin mörg?

h n í f u r s k e i ð g a f f a l l d i s k u r g l a s f l a s k a p o t t u r p a n n a

Alls: _____ orð

5. Í Borgarfirði



Skrifaðu það sem þér finnst.

mér þykir = mér finnst



mér finnst gott – mér finnst vont (ekki gott)

kjöt og kartöflur lambakjöt skyr með rjóma pítsu
pylsu með öllu jógúrt með músli ís með súkkulaðisósu
hamborgara salat grænmeti ristað brauð með osti

Mér finnst _____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____
_____	að borða _____



Könnun

















Hvaða matur
finnst þér
bestur?

Spyrðu þjá krakka í bekknum:

nafn	matur
1. _____	finnst _____ best(ur).
2. _____	finnst _____ best(ur).
3. _____	finnst _____ best(ur).

5. Í Borgarfirði

Orð sem ég er búin(n) að læra.

	1	2	3	4
A				
B				
C				
D				



Í hvaða reit eru þessi orð?

flaska _____ stundaskrá _____ skólasafn _____ hnifur _____
 félagsmiðstöð _____ smyrja _____ bæklingar _____ kór _____



Hvaða orð eru í reitunum?

A-3 _____ B-4 _____ D-2 _____
 C-3 _____ D-3 _____ A- 4 _____
 B- 2 _____ A-1 _____ A-2 _____
 C- 4 _____ B-1 _____ D-1 _____

5. Í Borgarfirði



Finndu orðin og dragðu **línu** utan um þau.

~~GAFFALL~~
PANNA

SKEIÐ
BOLLI

HNÍFUR
GLAS

POTTUR
DISKUR

P	O	T	T	U	R	A	D	L	G	N
A	B	R	Æ	S	Ó	F	G	P	A	Ð
N	D	I	S	K	U	R	V	E	F	Ó
N	Æ	L	U	E	R	B	M	Þ	F	Á
A	G	H	D	I	Y	Æ	T	Þ	F	É
B	T	Y	N	Ð	O	T	G	L	A	S
N	B	E	R	Í	P	Ð	B	S	L	Æ
B	O	L	L	I	F	E	Ö	V	L	T
U	Y	M	V	R	Þ	U	Æ	I	Ð	Ú
Í	B	R	T	M	L	Ö	R	Á	T	D



Hver segir þetta?
Skrifaðu fyrst nafnið.
Skrifaðu svo alla setninguna.



Ég skal kaupa í matinn, sagði Didda .

Ég skal kaupa í matinn, sagði Didda.

Ég skal smyrja brauð, sagði _____ .

Ég skal skera grænmetið, sagði _____ .

Ég skal baka köku, sagði _____ .

Ég skal vaska upp, sagði _____ .

5. Í Borgarfirði



Matartími fjölskyldunnar Strikaðu undir rímorðin.

Það er að koma matartími og æfing að finna hvort orðin **rími**.

Mamma er með heita pönnu og hellir vatni í bláa könnu.

Hún matinn góða er að elda áður en meira fer að „kvelda“.

Ég sé að kominn er hvítur diskur og á honum er flottur fiskur.

Grautur bíður í grænni skál. Að gera honum skil er næsta mál.

„Hvar er kjötið, feita fína? Ég vil fallega steikina mína!“

Segir pabbi á svipinn súr sem í sófanum fékk sér lúr.

„Ég vil fisk með salti, pipar og kartöflum,“ nú Símon skipar.

Hann var heldur hress í bragði og hnífapörin á borðið lagði.

Sonja segist svöng nú vera og svarta brauðið hún fer að skera.

Hún svöng við borðið síðan settist Sjáum hvort ekki allir mettist!

„Kisa þarf líka matinn sinn,“ segir Sonja rjóð í kinn.

„Mjólkin er hér í glasinu og hættum nú öllu þrasinu!“

segir mamma og setur salt á borðið og líka vatnið kalt.

„Svo er hér indæl eplakaka sem ég í ofni er búin að baka.“

Hana þið fáid ef allir borða matinn með góðu og án orða!

Á hana rétt má rjóma bæta en ekki rífast og ekki þræta.“

Þau settust við borðið fjögur saman og fannst það sem áður ósköp gaman!

Matnum þau gerðu skil hin bestu þau eru samhent í því sem flestu!

Fjölskyldan matast í næði og ró; foreldrar, börn og köttur með kló.



Skrifaðu rímorðin hér.

tími	rími		